

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1974

Nr. 26.

248

8. maí 1974.

FORSETA BRÉF

um þingrof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem einn stuðningsflokkur ríkisstjórnarinnar hafi slitið samstarfi á Alþingi, engar horfur séu á því, að unnt sé að mynda meiri hluta, er staðið gæti að starfhæfri ríkisstjórn, málefni í algerrri sjálfheldu á Alþingi og stjórnarandstaðan fáiist eigi til að afgreiða aðkallandi og mikilvægar efnahagsráðstafanir og stjórn mála flokkarnir almennt óski auk þess eftir kosningum, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 27.

8. maí 1974.

FORSETA BRÉF

um almennar kosningar til Alþingis 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 30. júní 1974.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Stjórnartíðindi A 17, nr. 26—27. Útgáfudagur 9. maí 1974.